

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 67/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/98 frá 27. mars 1998⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.

Ýmsa aðlögunarliði við reglugerð ráðsins (EB) nr. 574/72 ber að endurskoða og leiðrétta.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn bætist eftirfarandi við á undan aðlögunarliðunum:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 19.11.1998, bls. 152.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 176, 4.7.1997, bls. 1.

„ og síðar breytt með:

- **397 R 1290:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 (Stjttíð. EB L 176, 4.7.1997, bls. 1).“.

2. gr.

2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunarliðunum:

„ og síðar breytt með:

- **397 R 1290:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 (Stjttíð. EB L 176, 4.7.1997, bls. 1).“.

2. Eftirfarandi komi í stað textans í aðlögunarlið g) undir fyrirsögninni „153. NOREGUR-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:

Bréfaskipti frá 20. mars 1997 og 3. apríl 1997 varðandi 3. mgr. 36. gr. og 3. mgr. 63. gr. reglugerðarinnar (endurgreiðsla eða niðurfelling endurgreiðslna vegna aðstoðar) og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar (niðurfelling endurgreiðslna vegna kostnaðar við eftirlit og læknisskoðanir).“.

3. Eftirfarandi komi í stað textans í aðlögunarlið m) undir fyrirsögninni „P. ÍSLAND“:

- „1. Við beitingu á d-lið 2. mgr. 13. gr., a-lið 1. mgr. 14. gr., b-lið 2. mgr. 14. gr., a-lið 1. mgr. 14. gr. a, 2. mgr. 14. gr. a, 4. mgr. 14. gr. a, 1. mgr. 14. gr. b, 2. mgr. 14. gr. b, 4. mgr. 14. gr. b og a-lið 14. gr. c í reglugerðinni og 11. gr., 11. gr. a, a-lið 2. mgr. 12. gr. a, c-lið 5. mgr. 12. gr. a og a-lið 7. mgr. 12. gr. a í framkvæmdareglugerðinni:

Alþjóðadeild Tryggingastofnunar ríkisins, Reykjavík.

2. Við beitingu 17. gr. reglugerðarinnar:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Reykjavík.

3. Við beitingu 1., 2., 3., 4., 5. og 8. kafla í III. bálki reglugerðarinnar og ákvæða sem tengjast þessum ákvæðum í framkvæmdareglugerðinni:

Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

4. Við beitingu 6. kafla í III. bálki reglugerðarinnar og ákvæða sem tengjast þessum ákvæðum í framkvæmdareglugerðinni:

Atvinnuleysistryggingasjóður, Vinnumálaskrifstofan, Reykjavík.

5. Við beitingu 7. kafla í III. bálki reglugerðarinnar og ákvæða sem tengjast þessum ákvæðum í framkvæmdareglugerðinni:

Ríkisskattstjóri, Reykjavík.“

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1290/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júlí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner